

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Kiðjaberg, lóð 18, L168949, breytt lóðamörk.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar 18 innan frístundasvæðisins í Kiðjabergi. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar úr 11.000 fm í 12.920 fm. Samþykkt í sveitarstjórn 16. október 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Syðri-Brú, L168277, Sólbakki 12, L210825, breyting skilmála.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundasvæðis í landi Syðri-Brúar nr. 6404. Í breytingunni felst að skilmálar vegna byggingarheimilda breytast úr því að heimilt sé að byggja að hámarki 150 fm hús og eitt smáhýsi/geymslu að hámarki 30 fm að stærð í að á hverri lóð megi byggja eitt frístundahús og eitt aukahús s.s. geymslu/svefn- eða gróðurhús allt að 45 fm. Hámarksbyggingarmagn lóðar skal ekki fara umfram nýtingarhlutfall 0,03 og takmarkast stærð frístundahúss við það hlutfall. Samþykkt í sveitarstjórn 18. september 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Kiðjaberg 101 og 102, breytt lega lóða.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóða Kiðjabergs 101 og 102. Í breytingunni felst breytt innbyrðis lega lóðanna þar sem lóð 101 verður 12.580 fm og lóð 102 verður 11.215 fm. Samþykkt í sveitarstjórn 16. október 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. nóvember 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 3. desember 2024